

Við stiknum í helvíti nema ský sé dregið fyrir sólu. Múgsefjun, pöddu- og mannát

George nokkur Hunt er einn þeirra, sem losað hafa um málbeinið um reynslu sína af grænu geggjuninni og hvernig hún varð til. Þannig atvikaðist einu sinni, árið 1987, að á ráðstefnu um umhverfismál í Colorado mættu David Rockefeller (1915-2017), Edmund de Rothschild (1916-2009), James Baker (f. 1930), Maurice Strong (1929-2015) og William Rucclshaus (1932-2019), ásamt fleiri fulltrúum auðkýfinga, stjórnvalda og alþjóðasamtaka.

Hinir sömu eða erindrekar þeirra endurnýjuðu svo kynnin á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro í júní 1992, en þar átti sér stað fundur (summit) um «heilsu» jarðarkringlunnar á vegum Sameinuðu þjóðanna (United Nations Conference on Environment and Development – UNCED). Að sögn George var eiginlegur tilgangur ráðstefnunnar að skipta auðævum jarðarbúa og þeim sjálfum milli fjölskyldna bankamannanna og stofnana þeirra.

George sagði, að þarna væri mætt til leiks „sama heimsráðið (world order) og gabbaði ríki þriðja heimsins til að skapa sér ógnarlegar skuldir ... og stuðlaði að stríði og skuldsöfnun til að ná á þeim kverkataki. Í þessu heimsráði er ekki að finna viðkunnanlegt fólk.“ (Báðar heimstyrjaldir meðtaldar.)

Á fyrrnefndum fundi komust umhverfismálin í þeirra hendur. Maurice Strong var einn af aðalmönnum á öllum vígstöðvum, þátttakandi í Alheimsefnahagsráðinu, félagi í Rómarklúbbnum og útsendari bæði Rockefeller og Rothschild. Hann var einnig til staðar á fyrsta fundi UNCED í Stokkhólmi. En eins og lesendur kynnu að muna sendi Rómarklúbburinn frá sér „bíblíuna,“ „Takmörk vaxtar“ (The Limits to Growth), árið 1972.

Árið 1987 var einnig fundur haldinn. Þar komst einn af fjárfestunum svo að orði um áætlunina, sem staðfest var fimm árum síðar:

„Ég legg því til, að [áætlunin] verði ekki seld í lýðræðislegu ferli. Það tæki of langan tíma og útheimti því of mikla fjármuni til að mennta fallbyssufóðrið, sem býr á jörðinni. Þetta verður að vera áætlun úrvalsins ...“

Auðjöfrarnir virðast hafa sérstök svið að einhverju leyti. Bill Gates tróð t.d. upp á ráðstefnu í Afríku um loftlag og bauð fram erfðabreytt útsæði og kjúklinga til að hjálpa Afríkumönnum við að vinna bug á loftslagskreppunni. (Flestir þekkja líklega sólarverkfræði-, landbúnaðar- og bólusetningasögu hans um allan heim.) Þarna voru

að sjálfsgöðu einnig mættir til leiks fulltrúar frá Clinton og Rockefeller og fleiri mannúðarsjóðum.

Fyrirnefndur Bill, góðvinur barnaníðingsins, Jeffrey Epstein, er margfaldur í roðinu og stórtækur. Hann er orðinn stærsti landeigandi Bandaríkjanna og fjárfestir grimmt í framleiðslu skordýra og gervikjets til manneldis. E það skal ósagt látið, hvort hann taki undir orð hins sænska Magnus Soderlund, sem lagt hefur til að bjarga megi umhverfinu með því að taka upp mannát.

Annar mann- og peningavinur, George Soros, gerir meira en að fjármagna undirróður um allan heim. Honum er líka umhugað um umhverfið. Hann fetar í slóð loddarans, Al Gore, þegar hann segir um myrkvun sólarinnar:

„Menning okkar er í hættu stödd og getur hrunið vegna harðneskjulegra loftslagsbreytinga. Bráðnun íssins á Grænlandi myndi hækka yfirborð hafanna um 7 metra. Það stefnir menningu vorri í bráða hættu.“

En þegar „loftslagsvísindin“ eru brotin til mergjar, kemur í ljós, að enginn er fótur fyrir öllu talinu um hamfarahlýnun – heldur ekki á Hellisheiði, þar sem koltvísýringi er nú dælt niður í iður jarðar með íslenskri tækni, en dælt inn í gróðurhús við heiðarræturnar.

Sægur alvöru vísindamanna hefur tjáð sig um þetta. Einn þeirra er prófessor Richard Lindzen við MIT. Hann segir á þá leið, að í langri sögu jarðarinnar hafi aldrei verið staðfest tengsl milli loftslags og koltvísýrings. Sjálf frásögnin um þetta er út í hött og átylla yfirvalda til að einoka orkugeirann. Svipaða sögu hefur William Harper, prófessor við Princeton, að segja.

Hamfarahlýnun er reyndar orðinn svo útjaskaður þvættingur (þó ekki hjá ríkisstjórn Íslands), að Rothschild ættin er nú farin að svipast um eftir annarri og betri sögu. Hamfarakulið kynni að koma aftur.

Hræðslan við „helvítishlýnunina“ eins og aðalritari Sameinuðu þjóðanna og málpípa Alheimsefnahagsráðsins, tekur til orða, er mógsefjun, rétt eins og veiruvitfiringin nýlega (og önnur á leiðinni).

Mógsefjun er vitaskuld ekki ný af nálinni. T.d. fjallaði skoski blaðamaðurinn, Charles Mackay (1814-1889), um efnið í bók sinni frá 1841 (útgefin í þrem hlutum), „Eftirtektafverðar hugvillur almennings og hjarðsturlun“ (Extraordinary Popular Delusions and the Madness of Crowds). Galdraofsóknirnar eru t.a.m. eftirminnilegar.

Hugsýkislegar frásagnir af veðri eru heldur ekki nýtilkomnar, sbr. fyrirlestur Sally Baliunas um „veðursuðu“ (weather cooking) á síðmiðöldum. Fátt nýtt undir sólinni – eða hvað?

Um svipað leyti eða 1610, undraðist Galileo Galilei (1564-1642), í bréfi til Johannes Kepler (1571-1630), heimsku mannanna og hræðslu við að ögra eigin sannfæringum. Hann segist margsinnis hafa boðið spekingum sinnar tíðar að kíkja í stjörnusjónaukann og horfa með eigin augum á það, sem kollvarpa kynni fordómum þeirra. En þeir hristu makkann óttaslegnir.

Þýski klerkurinn, Dietrich Bonhoeffer (1906-1945), komst að sömu niðurstöðu og Galileo: „Það má engum vörnum við koma gegn heimsku. Hvorki andmæli né vald gagnast. Það tjóar ekki að rökræða. Staðreyndum, sem fara á skjön við fordómanna, er hafnað ...“

Bandaríski blaðamaðurinn, Henry Louis Mencken (1880-1956) leiddi hugann að stjórnámálamönnum í þessu sambandi. Hann segir: „Tilgangur stjórnmalanna er í sjálfu sér að halda alþýðu manna á nálum (svo hún heimti öryggi) með því að ógna henni látlaust með grýlum (hobgloblin), sem allar eru hugarfóstur.“

Stjórnámálamenn eru oft og tíðum handbendi auðkýfingana og svífast sumir einskis til að koma ár sinni fyrir borð. Fjölmiðlar og kvikmyndaiðnaðurinn er þeim iðulega eftirlátur, enda ósjaldan í þeirra eigu. Það er varla tilviljun, að loftlagshamfarakvikmyndir séu framleiddar á færibandni í Hollývúdd um þessar mundir.

En það hvílir ekki bara hamfaradrungi yfir kvikmyndaiðnaðinum, heldur líka sálinni. Nýr „sjúkdómur“ hefur orðið til, „loftlags sorg“ eða „loftlagskvíði.“ En að sögn Britt Wray við Stanford háskólann, er hann í raun eðlilegt viðbragð að telja. Hún segir nefnilega:

„Loftlagskvíði er í sjálfu sér ekki vandamál. [...] Hann er í raun afar heilbrigt og eðlilegt viðbragð, þegar hin sívaxandi menningarógn vegna loftlagskreppu rennur upp fyrir fólki“

<https://vigilantcitizen.com/latestnews/scientist-proposes-cannibalism-to-save-the-climate-on-swedish-tv/>

https://vigilantfox.substack.com/p/astrophysicist-drops-a-nuclear-bomb?utm_source=post-email-title&publication_id=975571&post_id=140524377&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://corbetteport.substack.com/p/un-supervillains-threaten-to-dim?utm_source=substack&utm_medium=email

https://corbetteport.substack.com/p/the-climate-death-cults-mask-is-slipping?utm_source=post-email-title&publication_id=725827&post_id=142478548&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2024/03/08/bill-gates-digital-id-and-smart-farming/>

<https://www.globalresearch.ca/gene-edited-catastrophe-brazil/5690917>

https://michelchossudovsky.substack.com/p/weaponized-gene-edited-mosquitoes?utm_source=post-email-title&publication_id=1910355&post_id=142251260&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://rumble.com/v4u15t9-bill-gates-admits-covid-19-vaccines-contains-nanotech.html?utm_source=newsletter&utm_medium=email&utm_campaign=Great%20Awakening%20World%20-%20Truths%20%26%20Secrets%20Revealed&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTAAR3DFp4rm11fZLhFmdw4228OleTT1CTHPKuFNao2YQy3rvncze9i5qewD4M_aem_ATR15qyFs95Lb00lnZ2cNniSFG0UFJv7LSFO0xUdNfq1_HZRrQ330Nnq7Z2zBzFEAYOpBx-eoG86LWxa8Ag0GUjv

<https://irinaslav.substack.com/p/lets-eat-each-other>

<https://www.newscientist.com/article/mg26134783-600-is-it-time-for-a-more-subtle-view-on-the-ultimate-taboo-cannibalism/>

<https://dailysceptic.org/2024/02/27/green-billionaires-press-hollywood-to-promote-armageddon-climate-messages-in-movies/>

<https://journal-neo.org/2021/02/05/the-great-zero-carbon-criminal-conspiracy/>

https://www.igor-chudov.com/p/is-the-planet-truly-boiling-or-are?utm_source=post-email-title&publication_id=441185&post_id=136652959&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://rumble.com/v4u3u3q-gates-foundation-insider-admits-the-pandemic-was-a-hoax.html>

<https://www.youtube.com/watch?v=wcAy4sOcS5M>

https://steigan.no/2023/09/i-hvilken-grad-endrer-temperaturnivaet-seg-pa-grunn-av-klimagassutslipp/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/09/28/fossil-fuel-treaty-activism-is-funded-by-a-small-group/>

<https://expose-news.com/2023/09/24/there-is-no-climate-emergency-says-nobel-prize-winner-dr-john-f-clauser/>

https://steigan.no/2023/09/lynn-forester-de-rothschild-pa-tide-a-dumpe-esg/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://yandex.com/video/preview/12163195053641535794>

<https://expose-news.com/2023/11/23/gates-africans-need-genetically-modified/>

<https://archive.org/details/extraordinary-popular-delusions-and-the-madness-of-crowds>

<https://corbettreport.com/gates/>

https://petersweden.substack.com/p/blocking-sun?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=s3Tfxiuo-oM>

https://steigan.no/2023/11/hvordan-forholde-seg-til-det-gronne-skiftet/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://slaynews.com/news/bill-gates-plan-fight-climate-change-blocking-sun-begins/>

<https://www.globalresearch.ca/climate-change-mental-asylum-co2-fanatics-suffering-ideological-insanity/5841012>

<https://leohohmann.com/2024/02/15/bill-gates-dark-dream-of-blocking-sunlight-from-the-earth-is-about-to-be-realized/>